



Reykjavík 27. febrúar 2018  
1610014SA TH  
Málalýkill: 01.86

## **Efni: Fundargerð fundar lögfræðingahóps um persónuvernd**

Fundur lögfræðingahóps um persónuvernd var haldinn í Allsherjarbúð hjá sambandinu 23. febrúar 2018 kl. 10. Mætt voru: Bára Sigurjónsdóttir, Dagbjört Hákonardóttir, Guðrún Sigtryggisdóttir, Harri Ormarsson, Helga Jóna Benediktsdóttir, Hervör Pálsdóttir, Salvör Þórisdóttir, Sonja Wíium, Theodóra Sigurðardóttir, og Hrefna Gunnarsdóttir (f.h. Ásbjörns Jónssonar). Í gegnum fjarfundarbúnað tóku þátt: Ásta Stefánsdóttir og Inga Þöll Þórgnýsdóttir. Fyrir hönd sambandsins voru mætt TH, TP, ETV.

### **1. Upplýsingar frá sambandinu**

#### *a. Mentor*

TH upplýsti að vinna gengi vel og að haldnir væru fundir öryggissérfræðings með skólum 1-2 sinnum í viku. Stefnt væri á því að ljúka vinnu í vor. Nýir samningar og viðaukar við Mentor og Námfús hefðu verið sendir út ásamt trúnaðaryfirlýsingu til að skólar gætu lokið við nauðsynlega skjalagerð. GS upplýsti að vinna gengi ágætlega í Reykjavík.

#### *b. Nýtt efni á vefsíðu sambandsins:*

TH upplýsti að sambandið hefði unnið að því að miðla meira efni um persónuvernd á síðunni. Nýjar leiðbeiningar yrðu birtar í næstu viku en á síðunni væri líka að finna hjálpleg skjöl eins og persónuvernd skref fyrir skref og upptökur af persónuverndardegi. TH upplýsti jafnframt að tekinn yrði upp fyrirlestur hjá SSV í næstu viku þar sem fundarefnið væri auk almennrar yfirferðar hvernig væri hægt að haga vinnu við innleiðingu.

#### *c. Form og skjöl til deilingar:*

Hópurinn ræddi þau form sem komin voru og mikilvægi þess að deila skjölum. HJB upplýsti að þau ætluðu að vinna að samþykkiseyðublað og myndu deila með hópnum. SW tók að sér að biðja Hugrúnu hjá Reykjavíkurborg að taka að sér að útbúa workplace fyrir hópinn þar sem deiling skjala og vinna gæti farið fram

### **2. Frumvarpið**

#### *a. Áhersluatriði sveitarfélaga - sektargreiðslu*

Hópurinn ræddi frumvarpið og þær gríðarlegu sektarheimildir sem þar væri að finna. Vakin var athygli á því að enginn greinarmunur væri gerður á einka- og opinberum aðilum sem væri miður enda þjónusta af allt öðru tagi. Velti hópurinn fyrir sér nauðsyn þess fyrir íslensk stjórnvöld að ganga svona langt og hverjar afleiðingarnar geta verið fyrir sveitarfélög sérstaklega þar sem GDPR legði það í hendur ríkja að ákveða hvort ætti yfir höfuð að sekta opinbera aðila. DH benti á að nokkur ríki m.a. Austurríki hafi ákveðið að leggja ekki sektir á opinbera aðila. Hópurinn ræddi áhrif þess að hafa sektarheimildir svona háar enda hefði reynslan

verið sú varðandi eftirlitsaðila eins og Samkeppniseftirlitið og Fjármálaeftirlitið að sektargreiðslur fari sífellt hækkandi og tilvera stofnana og kröfur um fjárframlög oft rökstudd með hversu miklum sektum væri skilað í ríkissjóð. TP benti á að FME hefði til dæmis sektað sveitarfélög um nokkurra milljón króna sektir fyrir einfalt formbrot fyrir nokkru. Ljóst væri því að áhrifin af sektarheimilidinni gætu verið mikil á rekstur sveitarfélaga ef þessu ákvæði er ekki breytt.

*b. Tímasetningar*

Hópurinn var sammála um að nýta tímann vel þar sem stefnt er að gildistöku laganna eftir þrjá mánuði. Hópurinn taldi þá tímasetning hæpna miðað við hvar málið væri statt, þ.e. eingöngu hefur verið kynnt fyrir hagsmunaaðilum drög að frumvarpi til nýrra persónuverndarlaga, án greinargerðar og skýringa með ákvæðum frumvarpsins. Hópurinn ræddi mikilvægi þess að hafa áætlun um innleiðingu til staðar sama hvað liði áformum um lagasetningu og þó ekki væri hægt að ljúka allri vinnu á næstu þremur mánuðum.

*c. Kostnaðarmat*

TH kynnti vinnu við kostnaðarmat hjá sambandinu og upplýsti að hópnum yrði sent minnisblað um kostnað sem sambandið mun byggja á við vinnu sína. Hópurinn var sammála um að ræða þyrfti kostnaðarmat sérstaklega í Jónsmessunefnd.

**3. Hvernig gengur innleiðingavinna?**

*a. Vinnsluskrár*

Rætt var um hversu langt vinna væri komin við gerð vinnsluskráa hjá sveitarfélögum. ÁS upplýsti að Árborg væri komin vel á veg og væru að vinna með Datacalabs. Búið væri að vinna grunn að vinnsluskrá og þau komin með tilboð upp á framhaldið. IPP upplýsti að Akureyri væri langt kominn með gerð vinnsluskráa og færi vinna fram á hverju sviði og stefnt að því að ljúka gerð vinnsluskráa innan tveggja vikna. SW upplýsti um plön Reykjavíkurborgar og umsókn um styrk til jöfnunarsjóðs (sjá lið 6).

*b. Persónuverndarfulltrúar*

TH upplýsti að Daði Heiðar Kristinsson hefði verið skipaður persónuverndarfulltrúi stjórnarráðsins og sambandið myndi hitta hann í næstu viku til að heyra hvernig stjórnarráðið hyggst skipuleggja vinnu. Annars væru einhver sveitarfélög farin að auglýsa eftir persónuverndarfulltrúa eða verkefnastjóra við innleiðingu en ekki væri vitað til þess að lokið hefði verið við ráðningu persónuverndarfulltrúa.

*c. Vandamál*

Rætt var um hvað ætti að gera með upplýsingar sem einstaklingar afhentu umfram lagaskyldu, t.d. heilsufarsupplýsingar. Þó líta megi svo á að samþykki sé fyrir hendi þar sem einstaklinga afhenda sjálfviljugir þurfa sveitarfélögin að skoða hvort þau vilji geyma slíkar upplýsingar út frá þeirri miklu ábyrgð sem þau bera á upplýsingum sem geymd eru hjá sveitarfélögum.

ÁS vakti athygli á því að hefja yrði vinnu líka fyrir byggðarsamlög enda bæru sveitarfélög ábyrgð á þeim og lög um persónuvernd næðu til þeirra.

#### **4. Kynning frá Reykjanesbæ:**

HG kynnti nefndinni vinnu sem fram hafði farið í Reykjanesbæ með Logos. Þar hefði niðurstaðan verið sú að útbúnar voru 48 vinnsluskrár og mikil ferlagreining var því samhliða. Voru allar ferilsskrár unnar eins og samfella og kynnti HG m.a. skrá um barnavernd sem yrði dreift til hópsins. HG fór yfir öryggisráðstafanir sem væru fólgnar í aðgangsstýringu og dulkóðun. Reykjanesbær hefði hafið þessa vinnu í nóvember og væri mjög mikil vinna að baki. Mannauðshluti vinnsluskraa hjá sviðsstjórum/framkvæmdarstjórum (öðrum en mannauðsstjóra) er svipaður hjá öllum og verður gerður grunnur sem verður notaður í þeim vinnsluskram sem við á.

#### **5. Næstu skref**

Auk vinnu við form ákvað nefndin að til greina kæmi að hún myndi rýna vinnslusamninga sem væru algengir hjá sveitarfélögum en í slíkum tilvikum væri hægt að styðjast við form sem útbúin voru vegna samninga við Mentor og Námfús. Voru nefndarmenn hvattir til að senda samninga til nefndarinnar ef ósk væri um að þeir yrðu yfirfarnir og eins myndi sambandið senda út drög að vinnslusamningi.

#### **6. Mögulegur styrkur úr jöfnunarsjóði**

SW upplýsti að Reykjavík hefði haft samband við Hörð Helga Helgason hjá Landslögum sem ætli að hjálpa við demo verkefni við vinnsluskrár. Þar yrðu teknar nokkrar stofnanir, einingar og starfsstöðvar og mappað og greind ferli og unnar vinnsluskrár. Hörður yrði svo fenginn til að rýna með úrbætur og bætt skipulag í huga. Fyrsti fundur með honum væri skipulagður í næstu viku. Planið væri að vinna skjótt og örugglega. Væri stefnan sú að einn eða tveir mánuðir færu í að klára vinnsluskrár fyrir þjónustumiðstöð, skóla, sundlaug og mannauðs- og kjaradeild.

Reykjavíkurborg væri að skoða að sækja um styrk til jöfnunarsjóðs vegna þessarar vinnu og deila þannig niðurstöðum með þeim sveitarfélögum sem óskuðu eftir því. Hefði Hörður Helgi veitt heimild fyrir því að hans vinnu yrði deilt með þessum hætti. TH nefndi að mikilvægt væri að sækja um aukatíma þannig að önnur sveitarfélög sem vildu nýta sér þessa vinnu gætu leitað til Harðar eftir frekari skýringum og vinnan þannig nýst þeim sem best.

Næsti fundur hópsins var ákveðinn 22. mars kl. 9:30.